

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 118/2007

frá 28. september 2007

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 91/2007 frá 6. júlí 2007 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 414/2007 frá 13. mars 2007 um tæknilegar viðmiðunarreglur um skipulagningu, framkvæmd og rekstrarlega notkun upplýsingaþjónustu um ár (RIS) sem um getur í 5. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2005/44/EB um samræmda upplýsingaþjónustu um ár (RIS) á skipgengum vatnaleiðum í Bandalaginu ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 415/2007 frá 13. mars 2007 um tækniforskriftir fyrir kerfi til að rekja feril og slóð skipa sem um getur í 5. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2005/44/EB um samræmda upplýsingaþjónustu um ár (RIS) á skipgengum vatnaleiðum í Bandalaginu ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 416/2007 frá 22. mars 2007 um tækniforskriftir fyrir tilkynningar til skipstjóra sem um getur í 5. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2005/44/EB um samræmda upplýsingaþjónustu um ár (RIS) á skipgengum vatnaleiðum í Bandalaginu ⁽⁴⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

I. gr.

Eftirfarandi liðir bætist við á eftir lið 49a (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/44/EB) í XIII. viðauka við samninginn:

- „49aa. **32007 R 0414**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 414/2007 frá 13. mars 2007 um tæknilegar viðmiðunarreglur um skipulagningu, framkvæmd og rekstrarlega notkun upplýsingaþjónustu um ár (RIS) sem um getur í 5. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2005/44/EB um samræmda upplýsingaþjónustu um ár (RIS) á skipgengum vatnaleiðum í Bandalaginu (Stjtið. ESB L 105, 23.4.2007, bls. 1).
- 49ab. **32007 R 0415**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 415/2007 frá 13. mars 2007 um tækniforskriftir fyrir kerfi til að rekja feril og slóð skipa sem um getur í 5. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2005/44/EB um samræmda upplýsingaþjónustu

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 328, 13.12.2007, bls. 40, og EES-viðbætur nr. 60, 13.12.2007, bls. 28.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 105, 23.4.2007, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 105, 23.4.2007, bls. 35.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 105, 23.4.2007, bls. 88.

um ár (RIS) á skipgengum vatnaleiðum í Bandalaginu (Stjtíð. ESB L 105, 23.4.2007, bls. 35).

49ac. **32007 R 0416**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 416/2007 frá 22. mars 2007 um tækniforskriftir fyrir tilkynningar til skipstjóra sem um getur í 5. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2005/44/EB um samræmda upplýsingaþjónustu um ár (RIS) á skipgengum vatnaleiðum í Bandalaginu (Stjtíð. ESB L 105, 23.4.2007, bls. 88).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (EB) nr. 414/2007, 415/2007 og 416/2007, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 29. september 2007 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 28. september 2007.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Stefán Haukur Jóhannesson

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.